

## Kjalnesingar bjóða heim helgina 26. og 27. júní.

Undanfarin ár hafa íbúasamtök Kjalarness staðið fyrir fjölskylduhátíð á Kjalarnesdegi. Með liðsinni fleiri félaga og stofnana verður nú boðið upp á viðameiri dagskrá en áður og síðasta helgin í júní tekin undir Kjalarnesdaga.

Í Fólkvangi verður framtakssömu fólki boðið upp á aðstöðu til að koma framleiðsluvörum sínum og öðrum söluvarningi á framfæri. Kvenfélagið Esja starfrækir kaffihús í Klébergsskóla. Ekki er þá eingöngu verið að horfa til Kjalnesinga heldur einnig að ná til þeirrar fjölmörgu sem fara um Kjalarnesið á hverjum degi. Til þess að gera þetta mögulegt er nauðsynlegt að leita til sem flestra og þegar hafa undirtektir verið afskaplega góðar.

**Laugardagurinn 26 júní** er dagur fjölskyldunnar með áherslu á handverksmarkað, kaffihús, húsdýragarð, tónlistaflutning, fjórhjóla- og bátsferðir, ratleikir og fjölmargt fleira., Sundlaugin verður opin og deginum líkur með sameiginlegu grilli og kvöldvökustemmingu í hverfinu.

**Sunnudagur 27. júní** er helgaður keltneskri menningu á Kjalarnesi. Markaðurinn verður áfram opin. Kl. 14 verður helgistund á Esjubergi þar sem fyrsta kirkja á Íslandi var byggð. Frá kl 15 - 17 verður menningardagskrá í kaffihúsinu með tónlist og fyrirlesurum um keltneska menningu.